

Skólaráð 4. janúar 2019

Mættir: Lára Guðrún Agnarsdóttir og Steindóra K. Gunnlaugsdóttir fh. kennara, Einar fh. foreldra, Unda Brauna fyrir hönd nemenda og skólastjóri. Aðstoðarskólastjóri ritar fundinn.

Öryggi og velferð nemenda

Skólastjóri skýrir frá stöðu lýsingarmála, hvað hefur verið gert á gönguleiðum og hvað á að gera á næstunni. Nú sé kominn tengiliður sem fylgi málum eftir.

Þá standi til að setja upp nemendaskápa fyrir miðstigið og hugsað fyrir þá sem það vilja. Skáparnir séu læstir með talnalásnum og afnot af þeim er nemendum að kostnaðarlausu. Þetta er liður í að tryggja eigur nemendur. Steindóra spurði hvort að nemendur gætu ekki fengið endurskinsmerki í skólanum, en slíkt kemur yfirleitt merkt auglýsingum fyrirtækja sem er bannað skv. reglum borgarinnar.

TUFF verkefnið hefur verið kynnt og er að fara í gang og það kemur inn á velferð og heilsu nemenda.

Niðurstöður samræmdra prófa

Skólastjóri leggur fram niðurstöður úr samræmdum prófum haustsins sem nemendur í 4. og 7. bekk þreyttu. Þar má sjá stöðu nemenda miðað við landið.

Niðurstöður úr Skólapúlvi

Skólastjóri kynnti niðurstöður úr skólapúlvi síðan í nóvember. Ákveðnir þættir koma vel út en aðrir þættir kalla á endurskoðun og þarfnast meiri eftirtektar og eftirfylgni.

Jólahald í Austurbæjarskóla

Skólastjóri segir frá því að í kjölfar umræðu fyrir jól um jólahald í Austurbæjarskóla þá hafi þráðurinn verið tekinn upp á starfsmannafundi þann 3. janúar. Þar ræddu starfsmenn sínar hugmyndir og hvaða hefðir þeir vilja halda í og hvað er raunhæft í þeim veruleika sem við erum að starfa í. Helstu niðurstöður voru; breyttir tímar kalla á breytingar í jólaundirbúningi, ágætt að halda í söng yngstu nemenda á sviði í samstarfi umsjónakennara og tónlistarkennara, leitað verði eftir leikriti fyrir fjölda leikara fyrir t.d. 4.bekk, áfram verði kakóið fyrir alla á skólalóð, jólaball í íþróttahúsi (blandaður aldur) við undirleik hljómsveitar, jólasmiðjur á miðstigi.

Einar Logi kemur með hugmynd að fá aðstoð til að búa til leikrit. Þá ræddi hann að foreldrafélagið hafi rætt um breytingar á jólaföndri og væru foreldrar jafnvel til í að eftirláta skólanum það í meira mæli og jafnvel taka þátt í einhverju öðru eða leggja til pening. Á þessum degi séu lítil samskipti við starfsmenn skólans og mætti endurhugsa hvort ætti að búa til dag þar sem foreldrar koma inn í skólann á skólatíma og gera eitthvað með börnunum og starfsfólki. Skólastjóri talar um að gott sé að fá foreldra í hús og vilji halda því að foreldrar komi og sjái sitt barn á sviði. Einar segir að megi t.d. hugsa sér sýningu á verkum nemenda fyrir jólin þar sem foreldrar geta komið og hlýtt á erindi eða skoðað – í gengum skólann. Skólastjóri segir að þetta megi jafnvel hugsa þetta í sambandi við jólasmiðjur.

Einar Logi fer með erindið inn í foreldrafélagið og segir að hugsa megi um vorhátíðina á svipaðan hátt.

Fundi slitið kl. 9:10